

Fundur Skólaráðs 17. 03. 2014 kl. 08.00

Mættir: Svava Bogadóttir, skólastjóri, Hannes Birgir Hjálmarsson og Jens Einarsson fulltrúar kennara, Anna Hlökkversdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Ingþór Guðmundsson og Jóhanna Lovísa Jóhannsdóttir fulltrúar foreldra, Gísli Jónmundsson fulltrúi nærsamfélagsins og Elsa Kristín Kay Frandsen fulltrúi nemenda.

1. Svava kynnti fyrstu drög að Skóladagatali fyrir starfsárið 2014-2015

- kynnt, rætt og samþykkt.

2. Svava kynnti nýja Viðbragðsáætlun skólans - Verklagsreglur vegna áásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar.

- kynnt og rætt.

3. Svava fór yfir þá vinnu sem hefur verið í gangi síðastliðna vetur vegna almennrar Skólanámskrár og menntastefnu Stóru-Vogaskóla.

- kynning og almennar umræður um Skólanámskrána og þá vinnu sem fram hefur farið í tengslum við hana.

- Menntastefna skólans er í vinnslu og verður send fulltrúum í Skólaráði í tölvupósti og framhaldi af því boðað til annars fundar Skólaráðs.

4. Svava kynnti niðurstöður Ytra mats Námsmatsstofnunar

- kynnt og farið yfir helstu niðurstöður en almenn ánægja er með niðurstöður matsins sem að mestu leiti er jákvætt en tækifæri til úrbóta hafa þegar verið nýtt og fleiri í vinnslu.

- til dæmis var stundaskrá skólans breytt til að auka ferðatíma milli skóla og íþróttahúss í tengslum við íþrótt- og sundtíma þannig að kennslustundir nýttust betur.

- *skýrslan er komin á heimasíðu skólans.*

- umræður um að breytingar verði á hvernig framboð til nemendaráðs og hverjir yrðu gjaldgengir, setja þarf skýrari reglur og ramma um hvort og hvernig nemendur eru gjaldgengir í nemendaráð.

- umræður um samræmdu prófin og viðbrögð skólans við niðurstöðum úr þeim.

- rætt um heimanámsstefnu skólans og væntanlega lestrarstefnu skólans.

- rætt um tímasetningar sameiginlegra funda skólans með foreldrum, erfitt að finna allsherjarlaun þar sem allir komast, mætti jafnvel vera meiri kynning á tímasetningum á sameiginlegum fundum.

- Elsa nefndi Samræmdu prófin og mismunandi skilaboð frá kennurum um mikilvægi prófanna og voru þau rædd í kjölfarið.

- fleiri umbætur nefndar og ræddar.

5. Önnur mál.

- Jóhanna ræddi um könnun Skólapúlsins sem var send til foreldra, en dæmi er um að svörum hafi verið skilað og síðan hafi komið endurteknar ítrekanir um að skila svörum! Svava sagði að galli hafi verið í kerfinu hjá Skólapúlsinum og þetta hafi verið mjög leitt og hafi haft neikvæð áhrif á þátttakendur.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 09.30 / Hannes Birgir Hjálmarsson